

Bréf

Alþingi nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. ágúst 2016
2016080353

Efni: Frumvarp til laga um Umhverfisstofnun, þingskjal 1102 - 674. mál. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um Umhverfisstofnun, þingskjal 1102 - 674. mál.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) fagnar því að verið er að skerpa á yfirumsjónahlutverki Umhverfisstofnunar UST) og að skýrt sé að UST gegni hlutverki að koma á framfæri nýmælum er varða verkefni heilbrigðisnefnda og að UST beri að vinna að samræmingu og samvinnu þeirra sem starfa í málaflokknum. HER hefur ítrekað komið fram með þá skoðun sína að styrkja eigi UST í þessu hlutverki sínu þannig að því sé sinnt. HER hefur jafnframt ítrekað komið á framfæri að færa eigi verkefni er varða eftirlit til viðkomandi heilbrigðisnefnda sveitarfélaga (HES) eins og kostur er að því tilskyldu að þvingunarúrræði fylgi. Þessu atriði þarf að bæta við 4. gr. þar sem segir um heimildir UST að fela öðrum ákveðin verkefni og er lagt til að bætt verði við greinina -enda fylgi þvingunarúrræði með.

Í greinargerð um 5. gr. frumvarpsins er m.a. fjallað um hvernig UST hefur unnið að samræmingu, leiðbeiningum o.fl. HER saknar þess að sjá það ekki nefnt að meginþunginn í þeirri vinnu er ekki síst kominn frá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Að öðru leiti er greinin ágæt og einnig ber að fagna því að gæta skuli að hagkvæmni og einföldun í eftirliti en það er að mati HER best tryggt með að allt eftirlits sé sem mest hjá HES. Í þessu samhengi má nefna eftirlit með efnunum sem HER mótmælti harðlega á sínum tíma að væru færð yfir til UST á þann hátt sem gert var og ekki er víst að það hafi skilað hagræði eða að öryggi almennings sé betur tryggt er varðar hættuleg efni á markaði. Vissulega eru ákveðnir þættir í eftirliti og þvingunarúrræði sem eiga að vera hjá UST þá aðallega atriði sem snerta mál á alþjóðlegum vettvangi og varða landið í heild sinni. Þetta þarf að skýra betur í þeirri vinnu sem er yfirstandandi varðandi endurskoðun laga nr. 7/1998. Að öðru leiti eiga eftirlitsverkefni er varða hollustuhætti og mengunarvarnir að vera hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga eins og áður sagði.

Varðandi 20. gr. og gjaldskrár þarf að taka fram að sé verkefni sem UST er falið skv. lögum framselt til annarra stjórnvalda gildi gjaldskrár þeirra nema annað sé tekið fram sérstaklega. Jákvætt er að komnar er inn í löggin heimildir til beitingar stjórnvaldssekta sbr. 21. gr. og ætti að stytta í að heilbrigðisnefndir fái slíkt hið sama með endurskoðun laga nr. 7/1998.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir